

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 680 31. desember 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

1. gr.

9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Upprunavörur í skilningi bókunar nr. 3 og Viðauka B geta við innflutning notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands og EBE gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala:

- a) EUR.1 flutningsskírteinis, hér eftir kallað EUR.1 skírteini,
- b) EUR.2 eyðublaðs fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, enda sé verðmæti hverrar sendingar ekki yfir 3 400 reikningseiningar.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta neðangreindar upprunavörur í skilningi bókunar 3 og Viðauka B notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands við EBE án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

- a) Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 240 reikningseiningar.
- b) Vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 680 reikningseiningar.

Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt þegar innflutningur slíkra vara er ekki viðskiptalegs eðlis og því hafi verið lýst yfir að vörurnar fullnægi settum skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum þar að lútandi og enginn vafi er á því að slík yfirlýsing sé sönn. Innflutningur sem bundinn er við einstakt tilvik og aðeins er samsettur úr hlutum til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis, ef ljóst er af eðli og magni varanna að viðskiptatilgangur búi ekki að baki. Ákvæði þessarar málsgreinar ná ekki til varnings sem keyptur er samkvæmt pöntunarlistum vöruhúsa og þau senda.

Reikningseining (RE) jafngildir 0,88867088 g af hreinu gulli. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um verðmætismörk í íslenskum krónum samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 287 10. júní 1981 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.